



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 06.11.2020
Tilvísun: 202010-0034

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa, 35. mál, 151. löggj.þ.

Í ágúst sl. samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands ályktun um hækkun atvinnuleysistrygginga og framlengingu hlutabótaleiðar.¹ Þar er m.a. lagt til hækkun grunnatvinnuleysisbóta og lengingu bótaréttar. Þar segir einnig m.a.

Atvinnuþátttaka er mjög há á Íslandi og atvinnuleysi alla jafna lágt. Engu að síður eru atvinnuleysistryggingar hærrí en víða annars staðar. Þetta afsannar þá lífsseigu kenningu að atvinnuleysistryggingar séu letjandi til atvinnuleitar. Hvergi í heiminum hefur sú aðferð að svelta fólk út af bótum skilað árangri.

Skortur á afkomuöryggi getur haft miklar langtímaafleiðingar fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem er jafnframt mjög dýrkeypt samfélagslega. Tekjufall einstaklinga hefur dómínó-áhrif á hagkerfið í heild sinni og getur leitt til þess að kreppan vegna COVID-19 verður dýpri og langvinnari en ella.

ASÍ telur öflugt velferðarkerfi vinnumarkaðarins vera einn af hornsteinum samfélags jafnaðar og velferðar. Hefur margoft komið fram í ályktunum og öðrum stefnuyfirlýsingum mikilvægi afkomutrygginga í að koma í veg fyrir fátækt og jafna lífsgæði.²

Það frumvarp sem hér um ræðir er í samræmi við framangreint og styður ASÍ því að það verði að lögum í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / s. 5355600

¹ https://www.asi.is/media/316711/minnisblad-um-a-herslur-asi-um-atvinnulevisisbaetur-18082020_leidrett.pdf

² Sjá m.a. Réttta leiðin - frá kreppu til lífsgæða: <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-aa-saaa/stefna/reтта-leidin/>